



Formannafundur faghópa Rammaáætlunar

5. fundur, þriðjudaginn 8. sept. kl. 13:00 á Orkustofnun¹,

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Guðni A. Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Einnig sat fundinn Kristinn Einarsson, Orkustofnun.

Forföll: Anna Sverrisdóttir (sem kom að fundinum að hluta um símasamband)

Fundarfrásögn

- Frumvarpsdrög.** Kristín Halldórsdóttir, lögfræðingur, sem iðnaðarráðuneytið hefur ráðið til að semja frumvarp um rammaáætlun, hefur skilað ráðuneytinu fyrstu drögum og bíður athugasemda. Svanfríður kynnti erindi frá Kristínu þar sem hún útlistaði ýmis álitæfni er tengdust innihaldi frumvarpsins. Svanfríður taldi að Kristín ætti að sækja í smiðju formanna faghópanna þar sem lægi fyrir breið og yfirgripsmikil þekking á málefnum rammaáætlunar. Jafnframt myndi hún fara fram á það við iðnaðarráðuneytið að fulltrúar rammaáætlunar fengju að koma á framfæri athugasemdum við drögin.
- Staða vinnu faghópa og skil.**
 - Faghópur 4.** Guðni kynnti lýsingar á virkjunarkostum sem Sveinbjörn Björnsson hefur sett saman undanfarnar vikur. Enn væru nokkur göt í listunum, aðallega er tengdust hagkvæmni jarðvarmakosta. Næstu fundir faghópsins munu fara í að fylla upp í eyður og ganga endanlega frá listunum. Hagkvæmni virkjunarkostanna mun ráða mestu um endanlega forgangsröðun sem ætti að liggja fyrir í lok október. Ef um verður að ræða markverða tæknilega þætti er skapa óvissu um framkvæmdina með tilliti til t.d. umhverfisrasks eða náttúruverðmæta verður sérstaklega getið um slíkt. Sem dæmi var nefnd seiðaskilja við Urriðafossvirkjun.
 - Faghópur 3.** Kjartan taldi að hópurinn myndi nýta allt það ráðrúm sem gæfist og þegar tímafrestur væri liðinn myndi hópurinn setja upp sinn lsita með þeim gögnum er þá lægju fyrir. Vinnan gæti í sjálfu sér haldið endalaust áfram en tímarammi myndi ráða hvar endapunktur yrði settur. Hann nefndi að huga þyrfti að skörun milli vinnu faghópa 3 og 2 (og raunar einnig við faghóp 1). Helst væru þar hagsmunir ferðabjónustunnar sem hann taldi að helst ættu eiga heima hjá faghópi 2. Hann mun ræða þessi mál við Önnu Sverrisdóttur á fundi verkefnisstjórnar þann 11. sept. Aðferðafræði hópsins lægi fremur ljóst fyrir. Þjóðhaglega hliðin yrði leiðandi í niðurstöðunum en óvist væri hversu langt hópurinn næði í mati á samfélagslegum þáttum. Hópurinn myndi geta skilað af sér fyrir lok október.
 - Faghópur 2.** Anna upplýsti að faghópurinn sé að vinna í aðferðafræðinni þar sem málefni ferðabjónustu og útivistar væru komin vel á veg og hafði vettvangsferðir í ágúst nýst vel til að slípa aðferðafræðina til. Matsaðferð vegna hlunninda er í burðarliðnum. Stefnt er að því að aðferðafræðin liggi fyrir í tæka tíð fyrir kynningarfund þann 25. Sept. Mikill vilji væri innan hópsins að efna til þriðju

vettvangsferðarinnar til Norðurlands. Enn gætti óánægju innan hópsins um þröngan tímaramma og m.a. hafði borist í tal ályktun frá flokksráðsfundi VG um að nauðsynlegt væri að framlengja matsvinnu rammaáætlunar um eitt ár. Anna taldi að mikilvægt væri að fá lengri tíma nefndi miðjan nóvember sem raunhæfan skilafrest.

- d. **Faghópur 1.** Þóra gerði stutta grein fyrir stöðunni en fyrsti fundur faghóps eftir sumarhlé verður síðar í vikunni. Enn hefði orðið fjölgun á virkjunarkostum, enn skorti gögn og hún sæi fram á óhóflega tímapressu sem því miður kallaði á óvandaða vinnu. Mikilvægt væri að hafa öll gögn til staðar þegar samanburðarvinnan hefst. Það yrði mikill skaði ef faghópar og verkefnisstjórn gætu ekki kynnt trúverðugar niðurstöður og góðan rökstuðning. Þóra taldi til bóta ef setja mætti til hliðar kosti þar sem gögn væru of takmörkuð til að mat væri gerlegt (staða heimilda tiltekin með C- eða D-einkunnum). Svanfríður taldi vert að kanna þá leið til hlýtar og rétt væri að bera slíkt undir verkefnisstjórn. Loks sagði Þóra að stefnt væri að því að kalla ýmsa sérfræðinga á fund hópsins til að fá fram sem allra fyllstar upplýsingar og spara tíma.
 3. **Tímafrestir.** Mikil umræða fór fram um þann tímafrest sem rammaáætlun er sett og fylgdu áherslur að mestu því sem fram kemur að ofan. Þóra benti m.a. á að vinna að 1. áfanga hefði dregist a.m.k. um rúmt ár. Svanfríður og Guðni lögðu áherslu á að 2. áfangi rammaáætlunar ætti að liggja fyrir um áramót og hann yrði að byggja á þeim gögnum sem tiltæk eru. Þar með yrði verkefninu þó ekki lokið og 3. áfangi rammaáætlunar tæki upp þráðinn þar sem þessum sleppti ; yki við þekkingargrunninn og legði loks nýtt mat á kostina. Óvíst væri hvenær 3. áfangi hefjist en ekki komi til greina að fresta 2. áfanga þar sem víst er að ekki fáist fjármagn á næsta ári til að halda vinnunni áfram.
 4. **Samráðsfundir.** Svanfríður gerði athugasemdir við upptalningu á samráðsfundum á heimasíðu því þar vantaði inn í nokkra fundi. Tómas mun lagfæra þetta í samráði við Svanfríði.
 5. **Lýsingar á virkjunarkostum.** Sveinbjörn Björnsson kom inn á fundinn (ásamt meðlimum faghóps 4) og kynnti vinnu sína er lítur að lýsingum á virkjunarkostum. Þóra hefur nokkrar athugasemdir við lýsingarnar og mun hún senda þær á Tómas.
 6. **Fundir á næstunni.** Minnt var á eftirtalda fundi: A) Fundur verkefnisstjórnar kl. 10:00 fös. 11. sept. í iðnaðarráðuneytinu. B) Kynningarfundur Landsnets um málefni línulagna og dreifikerfi kl. 14:00 mán. 14. sept. í Orkustofnun. C) Kynningarfundur um aðferðafræði faghópa kl. 13:00 fös. 25. september í Þjóðminjasafninu.
-